

Kvæðasafn Sigríðar Andrésdóttur (1788–1866). Lbs 2357 8vo.

Sigríður Andrésdóttir (1788–1866) fæddist í Galtarholti í Norðurárdal. Hún giftist aldrei né eignaðist börn en stóð síðar sjálf fyrir búi ásamt ráðsmanni sínum, fyrst í Galtarhöfða og síðar Desey í Norðurárdal. Ekki taldist Sigríður til ríkra en komst alla tíð vel af.

Sigríður var skáld en orti nær einvörðungu sálma og andleg kvæði og naut greinilega virðingar. Á handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er varðveitt kvæðasafn hennar (Lbs 2357 8vo) með hendi Jóns Jónssonar á Veðilæk. Efninu skiptir Jón í þrennt í anda klassískrar hefðar: sálma, erfiljóð og andlegar vísur. Sálarnir eru 50 og hefst fyrsti sálmurinn svo: „Upp, upp mín sál og andi“. Greinilegt er að Jón taldi Sigríði svo ágætt trúarskáld að vert væri að halla henni upp að hlið Passúsálmaskáldsins Hallgríms Péturssonar.

Hér á eftir fer úrval úr andlegum vísum eftir Sigríði sem opna sýn inn í kjör skáldsins, armæðu og gleði.

Guðrún Ingólfssdóttir, ágúst 2025.

Vantar skjól á vinda tíð
vermir sólin stundum lýð
út ég róla í hvarja hríð
hölt úr bóli meðan skríð.

Má ei þylja meir um sinn
mörg á bylja hretviðrin
við að skilja verð fegin
vatna hylja ókjörin.

Myrkurgöngin mæðu þröng
mörgum ströng hér finnast
hugsun röng við sorga söng
saman löngum tvinnast.

Leiðin hál er lögð með tál
líf og sál það hrekur
að súpa kál af svoddan skál
sorgarmál upp vekur.

Greitt mér ferðin ganga vann
Guðs af náð það skeði
nóga vegi hefur hann
hryggð að snúa í gleði.

Hann því sjálfur hjá mér var
hægt mig gjörði leiða
og ókennt fólkið alstaðar
örvaði mér til greiða.